



## Hreppsnefnd 14.02.08

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 14. febrúar 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Á fundinn voru mættir Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur Ármannsson, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Vigfús Davíðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 29. jan. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 29. janúar sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar og greindi frá störfum þjónustunefndar aldraðra í tengslum við tölvukennslu aldraðra og aukna þjónustu við íbúa Sundabúðar.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð atvinnuálanefndar frá 08. feb. sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð atvinnuálanefndar með fulltrúum hreppsnefndar frá 08. feb. sl.

3. mál Drög að samþykktum fyrir fjárfestinga- og atvinnuefingasjóði Vopnafjarðarhrepps

Lögð fram drög að samþykktum fyrir nýjan fjárfestingar- og atvinnuefingasjóð Vopnafjarðarhrepps, dags. í feb. 2008. Sjóðnum er ætlað það meginmarkmið að stuðla að eflingu og uppbyggingu atvinnulífs á Vopnafirði, með því að styðja við viðskiptahugmyndir og nýsköpunarverkefni sem einstaklingar og fyrirtæki vinna að á svæðinu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi drögum að samþykktum og hvernig hugmyndin væri að fjármagna hinn nýja sjóð.

Miklar umræður urðu um drögin að samþykktum fyrir hinn nýja sjóð. Fundarmenn lýstu almennt yfir ánægju með þær hugmyndir svo sem hér er greint frá varðandi stofnun fjárfestingar- og atvinnuefingasjóðs fyrir Vopnafjörð.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

"Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna áfram að undirbúningi sérstaks fjárfestingar- og atvinnuefingasjóðs fyrir Vopnafjarðarhrepp til samræmis við fyrirbyggjandi drög að samþykktum. Hreppsnefnd telur að sjóður af þessum toga sé ein af meginforsendum þess að vel megi takast til í eflingu atvinnulífs á Vopnafirði."

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps. 2008-2011-Fyrri umræða-

Lögð fram drög að þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2008-2011. Í fyrirbyggjandi gögnum má sjá rekstrareikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymisýfirlit fyrir árin 2008-2011.

Jafnframt lögð fram greinargerð sveitarstjóra með áætluninni, dags. í dag, 14. febrúar 2008, þar sem greint er frá helstu forsendum áætlunarinnar.

Sveitarstjóri skýrði síðan fyrirbyggjandi gögn og las meðal annars upp greinargerð sína.

Að því búnu lagði hann til að áætluninni yrði vísað til afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Nokkrar umræður urðu um gögnin og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum fundarmanna.

Fyrirbyggjandi tillaga hans, um að vísa áætluninni til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar, var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál. Norð-Austurnefndin - Staða mála.

Lagt fram yfirlit yfir viðskiptahugmyndir sem unnið er að og greint frá aðferðafræðinni við að forma

hugmyndirnar fyrir Norð-Austurnefndina. Yfirlit þetta var til umfjöllunar á fundi atvinnumálanefndar með fulltrúum úr hreppsnefnd þann 13. febrúar sl. Norð-Asturnefndin hefur óskað eftir að fá hugmyndir sveitarfélga til sín eigi síðar en 20. febrúar n. k.

Miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og ánægju sinni yfir þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti hugmyndir atvinnumálanefndar um það hvernig gengið verður frá innsendum gögnum til Norð-Austurnefndarinnar, sem skipað var á árinu af forsætisráðuneytinu.

#### 6. mál. Samningur um kaup á nýjum slökkvibíl

Lagður fram samningur um kaup á nýjum slökkvibíl fyrir Vopnafjörð sem keyptur verður af Sigurjóni Magnússyni ehf., Ólafsfirði. Ennfremur lagðir fram sérsamningar um greiðslufyrirkomulag og samskipti á smíðatíma og endurgreiðslu á vsk. milli Vopnafjarðarhrepps og Flugstoða ohf. Sveitarstjóra falið að undirrita fyrirbyggjandi gögn.

#### 7. mál. Samgöngunefnd Alþingis, umsögn

Lagt fram frumvarp til laga um samgönguáætlun, þingskjal 332. Jafnframt lögð fram drög að umsögn um frumvarpið, dags. 14. feb. 2008.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda umsögnina til Samgöngunefndar Alþingis.

#### 8. mál Úthlutanir úr Vaxtasamningi Austurlands

Lagt fram yfirlit yfir styrkveitingar úr Vaxtarsamningi Austurlands til Vopnafjarðar. Sótt var um styrk til þriggja verkefna a) Niðursuða á loðnu b) Kaupvangur mennta, þróunar- og menningarsetur og c) Olíuleit á Drekasvæði.

Verkefnið „Niðursuða á Loðnu“ hlaut 2.000 þús. kr. styrk, en hin verkefnin fengu ekkert. Að þessu sinni var alls úthlutað 12.500 þús. kr. út úr Vaxtasamningi Austurlands til verkefna á svæðinu frá Hornafirði til Vopnafjarðar.

Allmikil umræða fór síðan fram um málið og lögð var fram svofelld tillaga:

"Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill koma því á framfæri að nauðsynlegt er að fjármagn til Vaxtarsamningsins í heild verði aukið verulega, þ. a. hann geti stuðlað að öflugri þátttöku í uppbyggingu atvinnutækifæra á Austurlandi eins og hugmyndin er með honum. Til þess að svo megi verða þarf fjármagn til samningsins að aukast til muna."

Samþykkt samhljóða.

#### 8. mál Ýmis bréf og mál:

a) Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 6. feb. sl.

Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 7. feb. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.30